

Stíllinn í list Ásmundar


Í tilefni sýningarinnar Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni hefur Gunnar B.

Kvaran listfræðingur og forstöðumaður Kjarvalsstaða skrif að samnefnda ritgerð. Brot úr ritgerðinni eru birt hér á eftir.

OF OG iðulega hafði Ásmundur Sveinsson það á orði að hann gæti skipt um stíl líkt og ljóðskáldið um rím. Það sýndi einfaldlega fram á tæknilega hæfileika listamannsins og kæmi engan veginn í veg fyrir persónulega tjáningu. Og víst er að þegar lítið er yfir listrænan feril Ásmundar hljóta menn að undrast hinn formræna margbreytileika í verkum hans.

Á árunum 1935–1936 dvaldi Ásmundur um skeið í Kaupmannahöfn. Á þeim tíma gerði hann sextán verk sem marka greinileg straumhvörf á listferli hans. Í þessum verkum fjarlægist hann enn frekar viðmiðun raunseisins og skapar verk þar sem hann einfaldar ekki aðeins formskriftina heldur ummyndar verulega hina hefðbundnu skólasýn. Víst er að finna má í þessum verkum fjarlæga vísun í formskrift súrrealismans, en Ásmundur sá einmitt stóru súrrealistasýninguna í Kaupmannahöfn 1935 og varðveitti sýningar-skrána allar götur síðan. Þetta er meðal annars athyglisvert í ljósi þess að ekki er vitað um að Ásmundur hafi haft nein kynni af súrrealismannum á Parísarárunum.

Í Vatnsberanum frá 1936 – 1937 heldur myndhöggvarinn sig við steinaríkið og náttúrulegar tilvísanir. Þetta verk, eitt meginverk Ásmundar, minnir óneitanlega á klettadranga. Myndbygging Vatnsberans er í fullkomnu jafnvægi: fótarnar og hendur konunnar mynda samhverfu, vinstri fóturinn fram inn á milli fatnanna



Ljósmynd Ásmundarsafni

VATNSBERINN eftir Ásmund Sveinsson.

en sá hægri aftur, þannig að grunnflöturinn er þríhyndur. Kraftlínur Vatnsberans mynda því nánast píramída frá öllum hliðum, en í listasöggunni hefur sú tegund myndbyggingar iðulega verið nýtt til að skapa festu og stöðugleika. Það eina sem brýtur upp þessa kyrrstöðu er staða höfuðsins, líkt og í fleiri verkum Ásmundar. Það hallar ögn til hliðar, myndbygginguna og gefur í skyn hreyfingu.

Á fjórða áratugnum myndar listsköpun Ásmundar Sveinssonar að formi og inntaki nokkuð samstæða heild. Að námi loknu leggur listamaðurinn sig fram um að einfalda vísanir í raunveruleikann. Maðurinn er einfaldaður í frumdrætti sína og mótaður í heillegan massa, afmarkaður með sterkri línuáherslu, sléttu og hörðu yfir-

borði. Þessari formskrift er ætlað að túlka kyrrstöðan kraft. Uppruna þessarar formskriftar er eflaust að finna í verkum Maillol. Þau hafa einmitt til að bera þessa formrænu og efnislegu einföldun sem markar ákveðna fjarlægð á veruleikann og tilvísanir í mannleg einkenni eru þar fremur en annað skynjuð sem form skilgreind af efninu.

List Ásmundar Sveinssonar á fimmta áratugnum er frábrugðin fyrri áratugum að því leyti að nú setur hann til hliðar viðfangsefni sem tengjast vinnunni og velur þess í stað myndefni sem hann sækir í táknfræðilegar vísanir og vísanir í sagna- og bókmenntaarfinn.

Á sjötta og sjöunda áratugnum þróast höggmyndir Ásmundar Sveinssonar æ meir í átt til hreinnar abstraktlistar. Í fyrstu heldur listamaðurinn áfram að vinna út frá náttúrunni, en árið 1955 uppgötvar Ásmundur nýtt efni fyrir listsköpun sína, – járníð. Þetta efni átti eftir að hafa veruleg áhrif á vinnuaðferðir og formskrift listamannsins, og með þessari uppgötvun er í raun hægt að tala um raunveruleg kaflaskil í list hans.

Undir lok ferils síns sagði Ásmundur skilið við járníð og fór að vinna beint í steininn líkt og hann hafði gert forðum daga. Oftast valdi hann minni steina sem hann slípaði og þússaði, dró fram náttúruleg form þeirra og breytti þeim þannig í listaverk. Í raun fylgdi hann í þessum verkum eftir formskrift náttúrunnar og samsam- aðist henni.

Ásmundur Sveinsson vildi vera frjáls gagnvart öllum „ismum“ og óttaðist ekki að skipta um stíl ef svo bar undir. Hann var sannfærður um að listamaðurinn þyrfti í sífellu að endurskoða hug sinn, vinnuaðferðir og formskriftir til þess að lenda ekki inni í blindgötu. Því er eðlilegt að spyrja hvort þetta viðhorf sé merki um ósambærni og samhengisleysi. Því er til að svara að þegar listsköpun Ásmundar er fylgt eftir sést glögglega að það er hvergi um að ræða algert rof á ferlinum, heldur hægar breytingar, skref fyrir skref, þar sem tilteknar formrannsóknir og viðfangsefni leiða af sér nýjar uppgötvunir.

Sýningar um helgina

Postulín í Kaffi Milanó

KOLFINNA Ketilsdóttir opnar í dag, laugardag, sýningu í Kaffi Milanó, Faxafeni 11.

Myndirnar á sýningunni eru unnar með palletthnífi á postulínsflisar. Myndefnið er aðallega íslenskt landslag með áherslu á fallegar ár og fossa, auk þess eru nokkrar blómamyndir.

Myndirnar eru allar til sölu.

Jón sýnir í Kaffi Lefoli

JÓN Ingi Sigurmundsson opnar sýningu á vatnslitamyndum í Kaffi Lefoli á Eyrarybakka, laugardaginn 3. júní.

Þetta er 10. einkasýning Jóns Inga, en hann hefur tekið þátt í mörgum samsýningum hjá myndlistarfélagi Árnassýslu.

„Hús velúrsálarinnar“ í Gallerí Greip

SÝNING á nýjum verkum Svans Kristbergssonar og Barkar Arnarsonar undir yfirskriftinni „Hús velúrsálarinnar“ verður opnuð í dag laugardag í Gallerí Greip, Hverfisgötu 82.

Þetta er þriðja sýning þeirra í Reykjavík, en þeir hafa tekið þátt í nokkrum samsýningum erlendis. Galleríð er opið alla daga frá kl. 14-18 meðan á sýningunni stendur, eða til 13. júní.

Skúlpúrýningu að ljúka

UNDANFARIÐ hefur staðið yfir í Gallerí Fold við Rauðarárstíg sýning á skúlpúrum Guðbjargar Hlifar Pálsdóttur. Sýningunni lýkur mánudaginn 5. júní.

Verk hennar eru unnin úr krossviði og jární. Opið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10-18, lokað á hvítasunnudag 4. júní, en opið annan í hvítasunnunni 5. júní kl. 14-18.

„Þér eruð fögur, meistari“

Leikskáldinu Ronald

Harwood bárust hót-

anabréf er hann ákvað

að skrifa leikrit um


þýska hljómsveitarstjór-

ann Wilhelm Furtwäng-

gler. Verkið hefur verið

sýnt í vikunni á leiklist-

arhátíðinni í Chichester.



HAROLD Pinter er lengst til vinstri. Í miðrið fyrir ofan er Wilhelm Furtwängler og Ronald Harwood fyrir neðan. Lengst til hægri þakkar Adolf Hitler þakkar Furtwängler fyrir í lok tónleika ári 1935.

glers en fordæmið jafnframt tengsl hans við nasista. Levin var hótad lífláti fyrir vikið.

Fiðluleikarinn Yehudi Menuhin studdi Furtwängler í lok stríðsins, lék með honum á tónleikum, m.a. í Ísrael en hlaut einungis skömm fyrir, að því er segir í *The European*.

Glæpur Furtwänglers var sá að hverfa ekki úr stól stjórnanda Berlínarfilharmóníunnar þegar nasistar komust til valda. Hélt hann því fram að sem listamaður hefði hann rétt til að vera óþolískur. Harwood segir hann hafa verið greindan mann en barnalegan. Enginn vafi leiki á því að hann hafi hjálpað hundruðum gyðinga að flýja og að margir áhrifamiklir nasistar, svo sem Himmler, hafi lagt hatur á hann. Undir lok stríðsins hafi Gestapo verið á hælum hans.

Í janúar 1945, er Furtwängler stjórnaði hljómsveitinni í Berlín, gekk Albert Speer að honum í hléi og sagði: „Þér eruð fögur, meistari. Þér ættuð að taka yður fri“. Furtwängler skildi hverju Speer ýjaði að og flýði til Sviss. Eftir stríð gekk hann í tvígang í gegnum yfirheyrslur um tengsl sín við nas-

ista og var lýstur saklaus af þeim í bæði skiptin. Engu að síður hefur nafn hans hvað eftir annað verið nefnt í tengslum við nasista. Er hann lést árið 1954, niðurbrotinn maður, fordæmið *The New York Times* hann í minningargrein. Harwood bendir á að hvorki Karl Böhm eða Herbert von Karajan, sem báðir voru meðlimir í nasistaflokknum, hafi hlotið viðlíka meðferð og Furtwängler.

Í verki sínu setur Harwood upp yfirheyrslur Breta og Bandaríkjamanna yfir Furtwängler. „Ég kalla það „Afstaða tekin“ af þeirri einföldu ástæðu að ég tek ekki afstöðu,“ segir Harwood. „Ég hef reynt að draga upp hlutlaus mynd af því sem gerðist vegna þess að hin siðferðilegu rök eru svo vandmeðfarin. Ein af spurningunum sem upp koma hlýtur að vera sú hvort við myndum bregðast eins við og Furtwängler? Listamenn gegna sérkennilegri stöðu í samfélaginu, gerðir þeirra hafa táknræna merkingu. Það reyndist Furtwängler svo órlagaríkt. Það kann að hljóma öfugsnuði en ein af ástæðunum fyrir því að hann er enn svo umdeildur, er sú hversu frábær stjórnandi hann var.“

MENNING/LISTIR

NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

Verk Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, Bjarni Hinriksson og Kristján Steingrímur Jónsson fram í miðjan júní.

Safn Ásgríms Jónssonar
Vormenn í íslenski myndlist til 31. ágúst.

Ásmundarsafn

Stíllinn í list Ásmundar fram á haust Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Sýn. Þessir kollóttu fram eftir sumri.

Gallerí Sævars Karls

Viktor G. Cilia sýnir.

Gerðarsafn

Grímur Marinó Steindórsson sýnir til 18. júní. Verk Gerðar Helgadóttur til 16. júlí.

Gallerí Stöðlakot

Soffía Sæmundsdóttir sýnir til 20. júní.

Gallerí Úmbra

Ulla-Majja Vikman sýnir til 21. júní.

Listhús 39

Margrét Guðmundsdóttir sýnir til 26. júní.

Við Hamarinn

Þóra Þórisdóttir sýnir til 18. júní.

Nýlistasafnið

10 myndlistarmenn sýna til 25. júní.

Snefgla Listhús

Slæðudagar til 16. júní.

Hafnarborg

„Stefnumót listar og trúar“ til 26. júní.

Mokka

Harpa Arnadóttir sýnir til 20. júní.

Norræna húsið

Sérvalín verk nemenda MHÍ til 5. júní.

Gallerí Greip

Börkur Arnarson og Svanur Kristbergsson sýna til 13. júní.

Gallerí Fold

Guðbjörg Hliff sýnir til 4. júní.

TÓNLIST

Laugardagur 3. júní

Kirkjulistahátíð 1995; Frumfluttur níu sálmar um ljósið og lífið í Hallgrímskirkju kl. 14. Þórarinn Stefánsson og Emil Friðfinnsson efna til tónleika í Tónlistarskólanum á Akureyri kl. 17.

Sunnudagur 4. júní

Franski orgelleikarinn François-Henri Houbart á tónleikum Kirkjulistahátíðar kl. 20 í Hallgrímskirkju.

Mánudagur 5. júní

Þórarinn Stefánsson og Emil Friðfinnsson efna til tónleika í Norræna húsinu kl. 17. Vox Feminae í Seljtjarnarneskirkju kl. 20.30.

Þriðjudagur 6. júní

Hljómsveit konunglegu dönsku lífvarðarsveitarinnar í Ráðhúsinu kl. 17, einnig í Listasafni Kópavogs kl. 20.30.

Fimmtudagur 8. júní

Hljómsveit konunglegu dönsku lífvarðarsveitarinnar í Norræna húsinu kl. 20.30. Karlakórinn Heimir í Logalandi, Borgarfirði, kl. 21.

Föstudagur 9. júní

Karlakórinn Heimir í safnaðarheimili Landakirkju í Vestmannaeyjum kl. 20.30.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið

West Side Story mán. 5. júní, fös., lau.

Taktu lagið, Lóa! fim. 8. júní, fös., lau.

Kaffleikhúsið

Sápa tvö fim. 8. júní.

Herbergi Veroniku lau. 3. júní, fös.

Leikfélag Akureyrar

Djöflaeyjan lau. 3. júní.

Möguleikhúsið

Mitt bælda líf lau. 3. júní, sun., þri.

Upplýsingar um listviðburði sem óskað er eftir að birtar verði í þessum dálki verða að hafa borist bréflaga fyrir kl. 16 á miðvikudögum merktar: Morgunblaðið, menning/listir, Kringlunni 1, 103 Rvk. Myndsendir: 91-691181.

Umsjónarmenn listastofnana og sýningarsala!

Upplýsingar um listviðburði sem óskað er eftir að birtar verði í þessum dálki verða að hafa borist bréflaga fyrir kl. 16. á miðvikudögum merktar: Morgunblaðið, menning/listir, Kringlunni 1, 103 Rvk.

Myndsendir: 91-691181.